



PÉSI

ATHUGIÐ!! Næsti Pési kemur út í ágúst. Efni þarf að berast í síðasta lagi **6.ágúst**



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Opíð:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Alltaf eitthvað af nýju efni í hverri viku. Það er um að gera að nýta „Mínar síður“ í gegnir.is / leitir.is til að sjá skiladag, framlengja og fleira. Það er auðvitað best að bókum sé skilað á réttum tíma – skilalúgan er alltaf opin.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestur er bestur 😊


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook.



Gegnir



leitir.is

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími:

Mánudaga til miðvikudaga: 16:00-20:30

Fimmtudaga: LOKAÐ

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Sveitarstjórastill

Maímánuður er runninn upp og nú má með sanni segja að það sé kominn vorilmur í loftið. Það kemur sér ágætlega eftir skritinn vetur að fá gott vor en ég held að það séu allir séu sáttir við grænu slikjuna sem er að myndast á gróðurinn. Það er ekki ólíklegt að við séum búin að græða fjórar vikur af vori miðað við árið í fyrra þannig að það er um að gera að njóta.

Annar vorboði er að nú liggur fyrir ársreikningur vegna ársins 2021 sem verið er að afgreiða í sveitarstjórn. Það varð afgangur af rekstri sveitarfélagsins sem nam rúmum 130 millj. sem var töluvert meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Eins og áður hefur komið fram þá var ástæða þess fyrst og fremst sala á eignum en annars var annar almennur rekstur nokkuð á áætlun þrátt fyrir krefjandi aðstæður. Vil ég þakka starfsmönnum sveitarfélagsins sérstaklega fyrir góð störf til að til gera þetta allt að veruleika.

Á móti slógu fjárfestingar sveitarfélagsins nýtt met sem námu samtals rúmlega 412 millj. á síðasta ári. Þær voru einmitt fjármagnaðar að hluta með eignasölu ásamt handbæru fé frá rekstri en jafnframt þurfti að taka lán til að láta dæmið ganga upp. Skuldahlutahlutfallið hækkaði því frá síðasta ári og er um 78% og svokallað skuldaviðmið rúmlega 54%. Það eru því krefjandi tímar framundan því það þarf að halda áfram innviðauppbyggingu jafnframt því sem almennur rekstur sveitarfélaga á Íslandi er ekki að verða auðveldari með nýjum kröfum og verkefnum.

Þegar maður horfir út um gluggann er ýmislegt í gangi því nú styttist í að við sjáum hvernig miðbær Flúða mun líta út eftir að framkvæmdum lýkur við hringtorgið og á lóð félagsheimilisins. Ég held að í framtíðinni verðum við þínulítið stolt af því hvernig til hefur tekist að skapa raunverulegan miðbæ á Flúðum.

Það eru ýmis skemmtileg deiliskipulagsverkefni í gangi í sveitarfélaginu en nú er búið að klára deiliskipulag vegna mögulegrar uppbyggingar á Brúarhlöðum sem ferðamannastaðar. Er það afar spennandi verkefni því það er ljóst eftir að bundið slitlag er komið á allan efri hringinn eru Brúarhlöð klárlega komin enn betur á kortið. Þá er verið að vinna áfram með deiliskipulag Byggða á Bríkum og það sendur til að kynna vinnu við það núna í maí á árlegum íbúafundi þar sem jafnframt yrði farið yfir ársreikning 2021.

Búið er að ákveða að halda rusladaginn föstudaginn 13. maí og núna þarf sem betur fer ekki að taka tillit til Covid. Skólarnir munu byrja daginn og síðan verður hefðbundnari dagskrá eftir kl. 16:00 og Sigga Steina ruslamálaráðherra mun síðan útteila pizzum í lok vinnudags í Lækjargarðinum. Vil ég hvetja alla til að taka til hendinni, hvort það er í skipulegri dagskrá dagsins, eða að huga að eigin umhverfi og flokkun úrgangs í annan tíma. Það er síðan verið að vinna í innleiðingu á fjögurra tunna kerfinu með hirðingaraðilum Terra en til að vel takist til eru þeir að vinna með okkur að góðu kynningarefni. Hvet ég eigendur fasteigna til að huga að því að koma sér upp aðstöðu við hús sín til að hýsa hina fjórðu tunnu og síðan flokka eins og enginn sé morgundagurinn.

Það var gaman að geta aftur upplifað sýningu unglíngastígs Flúðaskóla tengda árshátíð þeirra. Sýningin „Tinna elskar Binna“ var frábær og sýnir hið góða starf og þá sköpun sem fer fram í skólanum. Veit ég að margir sem hafa stigið sín fyrstu skref í þessum sýningum Flúðaskóla í gegnum árin hafa notið þess í þjálfun að koma fram og tjá sig í gegn um leik og söng sem er ómetanleg reynsla.

Það verður síðan gaman þegar ÍBU leikur fyrsta heimaleikinn sinn á Flúðum 14. maí nk. Það er virðingarvert hjá þeim sem hafa staðið að þessari vinnu við að koma af stað sameiginlegu keppnisliði í Uppsveitum og hvet ég fólk til að mæta á völlinn í sumar. Það þarf síðan að huga að því að bæta aðstöðuna á vellinum og verið að skoða leiðir til þess.

Það eru síðan að verða nokkar mannabreytingar hjá sveitarfélaginu og verið að auglýsa eftir starfsfólki bæði í Flúðaskóla og leikskólanum Undralandi. Þá er Pétur umsjónarmaður íþróttamannvirkja að láta af störfum um næstu mánaðarmót og verið að vinna að ráðningu í hans stað. Vil ég þakka honum fyrir góð störf og góða viðkyrningu í gegn um árin.


Varðandi aðrar breytingar þá mun Pésinn þurfa að taka sér sumarfrí í júní og júlí vegna sumarfría starfsmanna. Ég held síðan að það styttest í að skynsamlegt sé að skoða hvað verði um Pésann í því formi sem hann er í dag og þær upplýsingar sem þar koma fram fari inn á stafræna miðla með einum eða öðrum hætti.

Að lokum þá er komið að sveitarstjórnarkosningum sem ber nú uppá þann 14. maí nk. Vil ég hvetja fólk til þátttöku í kosningunum og nýta sér lýðræðislegan kosningarétt sinn sem skiptir miklu máli að sé nýttur. Það myndi síðan gleðja mitt sameiningarhjarta að næsta sveitarstjórn yrði síðasta sveitarstjórn Hrunamannahrepps því ég held að það sé nauðsynlegt að stækka stjórnsýslueiningarnar sem myndi þó engu breyta um að Hrunamenn verða alltaf til.

Eigum gott vor saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



Teiknistofan Hugmynd

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskildum raflagna- og brunakerfum

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina

Netfang: flight@simnet.is

Sími: 699-0757

Heimili: Högnastíg 14
845 Flúðir

HUGMYND



**RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS**

**TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAFJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA**

**SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.**

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

Sameiginlegur framboðsfundur

Framboðslistar í Hrunamannahreppi boða til sameiginlegs framboðsfundar mánudaginn 9. maí kl 20:00 í Félagsheimili Hrunamanna.

Við hvetjum alla til að koma og kynna sér frambjóðendur og málefni listanna.

Með vorkveðju
D-listi Sjálfstæðismanna og óháðra
og L-Listinn.



Starfsfólk vantar til starfa á Tjaldstæðið á Flúðum í sumar í hlutastarf eða fullt starf.

Áhugasamir hafi samband með því að senda tölvupóst á tjaldmidstod@fludir.is



Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í síma

845-9816 Halyna.



Vinnuskóli

Verður starfræktur frá **13. júní** til og með **8. júlí** í sumar.
Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 2006–2008.

Umsóknir berist fyrir 15. maí á Skrifstofu Hrunamannahrepps
eða á netfang heilsueflandi@fludir.is.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600

eða Gunnar í síma: 892 5532

Hvatagreiðslur.

Foreldrar og forráðamenn barna á aldrinum 6– 16 ára eru
hvattir til að sækja um hvatagreiðslur vegna íþróttá-,lista og
tómstundaiðkunar skv.reglum Hrunamannahrepps.

Umsóknarfrestur er til 1. maí vegna vorannar 2022.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Hruna-
mannahrepps, og á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

**Munið að skila inn umsóknum! Frestur til að skila fram-
lengdur til 16. maí.**

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00,

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur

2022 Hrunamannahreppur

Janúar							Febrúar						
SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug	SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug
						1							
2	3	4	5	6	7	8							
9	10	11	12	13	14	15	6	7	8	9	10	11	12
16	17	18	19	20	21	22	13	14	15	16	17	18	19
23	24	25	26	27	28	29	20	21	22	23	24	25	26
30	31						27	28					

Mars							Apríl						
SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug	SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug
6	7	8	9	10	11	12	3	4	5	6	7	8	9
13	14	15	16	17	18	19	10	11	12	13	14	15	16
20	21	22	23	24	25	26	17	18	19	20	21	22	23
27	28	29	30	31			24	25	26	27	28	29	30

Maí							Júní						
SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug	SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug
1	2	3	4	5	6	7							
8	9	10	11	12	13	14	5	6	7	8	9	10	11
15	16	17	18	19	20	21	12	13	14	15	16	17	18
22	23	24	25	26	27	28	19	20	21	22	23	24	25
29	30	31					26	27	28	29	30		

Grátunna og lífrænt allur Neðri Hrunamannahreppur

Grátunna og lífrænt Efri Hrunamannahreppur

Blátunna allt svæðið

Róllurplást



NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it's available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -

Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf



Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Heilsugæslustöðin Laugarási.

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá 8-15
alla virka daga.**

Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

**Blóðprufur eru teknar mánudaga til fimmtudaga. Athugið
að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf
að liggja fyrir .**

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035

Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga,
föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið
aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa sam-
band við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Umhverfisdagur Hrunamannahrepps 2022

Föstudagurinn 13. maí

Rusladagurinn verður tvískiptur að þessu sinni. Hann byrjar á að nemendur Flúðaskóla og leikskólans Undralands taka virkan þátt í tiltektinni á Flúðum og verður hafist handa kl. 10:15. Skólarnir skipta niður með sér svæðum innan Flúðahverfisins. Íbúum Flúða og öðrum er frjáls þátttaka með skólunum. Þá er ætlunin að þakka fyrir góða frammistöðu með því að bjóða upp á grillveislu við skólann um kl. 11:30 og eru allir þátttakendur velkomnir þangað.

Klukkan 16.00 hefst svo gamli góði rusladagurinn undir styrki stjórn ruslamálaráðherra, Sigríðar Steinunnar Einarsdóttur. Safnast verður saman við Félagsheimilið og ruslapokar og einnota hanskar verða á staðnum. Gott er að mæta tímanlega á staðinn.

Skorað er á alla íbúa sveitafélagsins að fjarlægja allt rusl af umráðasvæði sínu og stuðla þannig að því að fallegi hreppurinn okkar líti enn betur út og verði okkur öllum til sóma.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps mælist til að eigendur fyrirtækja og fólk á lögbýlum noti tækifærið og hreinsi til í kringum starfsemi sína og jarðir. Gaman væri að landeigendur tíni rusl með vegum fyrir sínu landi. Opið verður frá 10:00 – 18:00 á gámasvæðinu þennan dag.

Eftir allt það og vel unna vinnu, hittumst við aftur í Lækjargarðinum kl. 18:00 og verður þar boðið upp á pítsur frá Kaffisel og drykki.

Þar sem kosningar eru á næsta leiti hvetjum við alla fram-
bjóðendur til þess að mæta og leggja sitt að mörkum:)

Með vinsemd og virðingu,
Umhverfisnefnd og Ruslamálaráðherra.

80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP

Flytjandi

Háhelldi 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi
í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



REKSTRARVÖRUR TIL HEIMILIS

Olíuvörur og allt fyrir dýrin....stór og smá!



LANDSTÓLPI

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

Bílaverkstæði



Opið frá kl: 08:00-17:00

Grænna land ehf.

Hellulagnir
Áburðargjöf
Beðahreinsun
Garðsláttur
Garðaúðun
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Trjáklippingar
Þökulagnir
Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

LYFJA SELFOSI
ÚTIBÚ LAUGARÁSI
BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

OPIÐ

10-16 mán - fim

Lokað fös - sun



Flokkunarhornið.

**Stór bein mega alls ekki fara með lífrænu sorpi.
Pokar fyrir lífrænt sorp verða að vera umhverfisvænir.**



©visekart * illustrationsCI.com/1070213

Fótaaðgerðastofa Öddu Siggu Miðfelli 2a

Opið alla virka daga frá 8-16
Tímapantanir í s: 8676580



Miðfellshlaupið

Þann 28. maí kl. 11 verður Miðfellshlaupið haldið við íþróttahúsið á Flúðum. Þar er boðið göngu, skokk og hlaupaleiðir og getur þú valið milli 3, 5 eða 10 km leið. Í ár göngum og skokkum við til styrktar Kvennaathvarfinu. Eins og í fyrra þá liggur leiðin á milli íþróttahúsins á Flúðum og Miðfellshverfisins og verður farið eftir reiðleiðum og malarvegum sem eru fjarri þjóðvegi. Nánari upplýsingar má finna undir viðburðir á fésbókarhópnum Heilsueflandi Uppsveitir. Hér skiptir hraðinn ekki máli heldur það að taka þátt, bæta heilsu sína um leið og við styrkjum gott málefni.

Verið velkomin! ☺



Hjólamarkaður í uppsveitunum

Þann 28. maí verður haldinn markaður fyrir notuð hjól við íþróttahúsið á Flúðum. Það er um leið og Miðfellshlaupið verður haldið. Ef þú ert með hjól sem ekki er lengur notað og mætti gagnast nýjum eigenda í sumar þá er þetta staðurinn til að gefa eða selja það áfram. Frá kl. 10 um morguninn getur fólk komið með hjól og í boði verða merkimiðar þar sem viðkomandi getur skrifað verð, til dæmis ókeypis eða einhverja krónutölu og síðan nafn og símanúmer. Viðskiptin fara fram beint á milli manna. Hjólin eru á ábyrgð eigenda síns og þau sem ekki seljast þarf að sækja aftur kl. 12:30.

Hjólað í vinnuna 2022



Kæru kvenfélagskonur

Aðalfundur kvenfélags Hrunamannahrepps verður haldinn Félagsheimili Hrunamannahrepps sunnudaginn 29.maí kl. 20.00.

Dagskrá

Hefðbundin aðalfundarstörf

Kosning formanns

Skipun nefnda

Önnur mál

Að fundi loknum verður boðið uppá veitingar.

Nýjar konur eru meira en velkomnar.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Kær kveðja

Stjórnin



Sumaropnun
Litlu Bændabúðarinnar
byrjar 17.Maí

Opið alla daga
11:00 - 17:30

Heilsueflandi Uppsveitir - Þarfagreining

Þema ársins 2022 hjá Heilsueflandi Uppsveitum er Geðrækt, andleg vellíðan og félagsleg virkni en geðrækt felst í því að efla aðstæður, færni og lífsvenjur sem stuðla að félags- og tilfinningalegri heilsu og vellíðan. Til þess að vita hvað íbúar vilja og hvað þá vantar til þess að efla geðheilsu sína fer fram þarfagreining í formi spurningakönnunar. Könnunin opnar 5. maí og verður opin til 15. maí, hún verður nafnlaus og órekjanleg. Verkefnið er samstarfsverkefni Heilsueflandi Uppsveita og Elmu Jóhannsdóttur sem er nemi í hagnýtri heilsuefningu við Háskóla Íslands.

Góða geðheilsu þarf að rækta en það er hægt að gera á svipaðan hátt og þegar fólk stundar daglega hreyfingu. Mikilvægt er að vera meðvituð um eigin geðheilsu og þá þætti sem hafa áhrif á hana. Það getur verið misjafnt hvað, hver og einn þarf til að rækta geðheilsu sína.

Niðurstöðurnar verða nýttar til þess að bæta aðstæður í Uppsveitunum og koma til móts við þarfir íbúa en þær verða einnig notaðar í verkefni Elmu við Háskóla Íslands.

Hlekkinn má finna á heimasíðum sveitarfélaganna og fésbókarsíðu Heilsueflandi Uppsveita.


Heilsueflandi Uppsveitir og Elma Jóhannsdóttir
elmajohanns@gmail.com

Hvað þarft þú til að efla þína geðheilsu?

Saman byggjum við upp Heilsueflandi samfélag!

Tún til leigu.
Heyrúllur til sölu.
Staðsetning: Hrunamannahreppur, Árnessýsla.
Nánari upplýsingar í síma 863 5201





Aðalfundur ÁSÆL fyrir sl. 3 ár var haldinn 11. mars sl. á Farmes Bistro, góð mæting var eða um 25 manns. Kjósa þurfti um alla í stjórninni, Erla Jóhannsdóttir formaður, Atli Geir Scheving gjaldkeri, Björgvin Ólafsson ritari. Árni Þór Hilmarsson, Guðjón Hrafn Sigurðarson og Kristinn Eiríksson voru kosnir í varastjórn. Ný stjórn þakkar fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf. ÁSÆL hlakkar til að halda áfram að slá kirkjugarðana í Hruna og Tungufelli, til stendur að halda áfram að byggja upp og halda við sæluhúsum á afrétti Hrunamanna. Stjórn ÁSÆL



Niðurstæking hreinsistöðvar í Grafarlandi á lokametrunum



Anna Katrín Víðisdóttir var kjörin Íþróttamaður UMFH á aðalfundi félagsins.
Innilegar hamingjuóskir.

Auglýsing um sveitarstjórnarkosningar í Hrunamannahreppi laugardaginn 14. maí 2022

Tveir listar eru í kjöri:

D-Listi Sjálfstæðismanna og óháðra.

Bjarney Vignisdóttir hjúkrunarfræðingur/sveitarstjórnarm. Auðsholti 2
Herbert Hauksson framkvæmdastjóri Unnarholtskoti 2
Jón Bjarnason bóndi/sveitarstjórnarmaður Skipholti 3
Ragnhildur S Eyþórsdóttir sjúkraflutningamaður Ásastíg 7
Sigfríð Lárusdóttir sjúkraþjálfari Hvítárdal
Elvar Harðarson vélamaður/verktaki Ásastíg 12a
Nina Faryna kokkur/leikskóli Ásastíg 12b
Bjarni Arnar Hjaltason vörubílstjóri/verktaki Borgarási 2
Ásta Rún Jónsdóttir grunnskólakennari Vesturbrún 5
Þröstur Jónsson garðyrkjubóndi Högnastíg 8

L – Listinn.

Daði Geir Samúelsson verkfræðingur Bryðjuholti
Alexandra Rós Jóhannesdóttir nemi í viðskiptafræði Kotlaugum 1
Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti Ásastíg 9
Kristinn Þór Styrmisson háskólanemi Ásastíg 6b
Brynja Sólveig Pálsdóttir nemi í leikskólafræði Núpstúni
Arna Þöll Sigmundsdóttir ferðaþjónustubóndi Syðra-Langholti 3
Þórmundur S Hilmarsson nemi Syðra-Langholti 1
Kolbrún Haraldsdóttir þroskaþjálfari/sérkennari Norðurhófi 5
Ragnheiður Björg Magnúsdóttir deildarstjóri Miðhófi 4a
Stefán O Arngrímsson fyrirverandi húsvörður Ásastíg 1

Kjörskrá liggur frammi til skoðunar á skrifstofu Hrunamannahrepps á
opnunartíma fram að kjördegi.

Kosið verður í Félagsheimili Hrunamanna að Flúðum.

Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 21:00.

Kjósendur hafi meðferðis persónuskilríki með mynd.

Talning atkvæða fer fram á sama stað að loknum kjörfundi.

Kjörstjórn Hrunamannahrepps

Helgi Jóhannesson

Esther Guðjónsdóttir

Magnús Víðir Guðmundsson